

Leikskólinn Lundarsel á Akureyri tók þátt í þróunarverkefninu
Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum veturinn 2008-2009.
Þar var bókin “Þegar Friðrik var Fríða/Þegar Rósa var Ragnar”
notuð í heimspekivinnu með leikskólabörnum.

Hér er að finna afrakstur þeirrar vinnu í formi kennsluleiðbeininga sem unnar voru af starfsfólki Lundarsels.



Efnisyfirlit:

Vangaveltur fyrir kennarann/þann fullorðna.....bls.	1-2
Hvað eru kennsluleiðbeiningar?.....bls.	2-3
Þegar Friðrik var Fríða.....bls.	4-13
Opnan.bls.	14-16
Þegar Rósa var Ragnar.bls.	17-28
Tengill til að senda inn snilldarhugmyndir.....bls.	28

Allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja
– kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.

Vangaveltur fyrir kennarann / þann fullorðna, áður er byrjað er.

Sá sem ætlar að nýta bókina í vinnu með börnum þarf að vera mjög meðvitaður um álitamálin ef bókin á að nýtast eins og til er ætlast.

Bókin er tilvalin til að:

- Ræða goðsagnir, steríótýpur og ríkjandi gildismat samfélagsins.
- Ræða hvað það er í raun margt í heiminum sem er öðruvísi fyrir stelpur en stráka.
- Ræða punkta tengda því hvað mannfólkið er mismunandi og hvað tilfinningar skipta miklu máli í lífi okkar.
- Ræða jafnrétti í víðum skilningi þar sem áhersla er á skilning á því að allir séu jafnir óháð útliti, trú, þjóðerni og líkamlegu og andlegu atgervi svo eitthvað sé nefnt.
- Ræða verkaskiptingu á heimilinu.
- Ræða hvernig umhverfi við viljum og hvað viljum við hafa eins/ólíkt? Þurfa strákar og stelpur stundum mismunandi umhverfi og þá misjafnar upplifanir til að verða það sem við höfum sem sameiginlegt markmið: Hamingjusamt og samvinnufúst fólk sem er metið og metur aðra án kynjamisréttis.
- Ræða um til dæmis stelpurými og strákarými í skólum og hvort aðstæður séu þannig að strákar og stelpur séu eins?

Sá sem ætlar að nýta bókina í vinnu þarf að velja fyrir sér hvort bókin sé sanngjörn gagnvart báðum kynjum? Fá Rósa og Friðrik sambærilega umfjöllun, hvað með foreldra þeirra? Eða kennarana? Hvað með leikina? Í bókinni er boðið uppá klifur og áreynslu fyrir strákana og stelpunum boðið að skoða djásn á sýningu! Rósu gengur vel í hlutverki Ragnars, en Friðrik sem Fríða gefst upp eða er ýtt út úr dúkkuleiknum!

Ef til vill er kynjamunurinn sem birtist í bókinni sá sem oft er rætt að sé til staðar í skólastarfi þ.e. stelpur og strákar fá mismunandi skilaboð, frá öðrum börnum og frá fullorðnum.

Skilaboðin eru t.d. þau að það er í lagi fyrir stelpur að vera "strákalegar" en ekki í lagi fyrir stráka að vera "stelpulegir". Bókin er því ef til vill ekki sanngjörn gagnvart kynjum en speglar kannski frekar veruleikann! Bókin speglar líka á staðreynd að börn hegða sér út frá þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra og kennarar hafa oft aðrar væntingar til drengja en stúlkna!

Sá sem ætlar að nýta bókina í spjalli og verkefnum með börnum verður ekki svikinn – því í samræðum með börnunum gerast oft undur!

Hvað eru kennsluleiðbeiningar? Hugmyndabanki.

Við í leikskólanum Lundarseli kortleggjum sögurnar aðeins fyrirfram, finnum ráðgáturnar eða eitthvað sem ýtir á kynjahlutverkspælingar. Börnin stjórna þó ferðinni mest, með því að benda okkur á hvað það er sem fangar þau í textanum eða myndunum. En í kennsluleiðbeiningunum okkar eru samræðuáætlanir og verkefni sem kennarar geta stuðst við. Þó verður að muna að kennarar vinna aldrei eingöngu útfrá kennsluleiðbeiningum og eigin hugmyndum, því samræður þurfa að tengjast barnahópnum. Það þarf að leiða samræðurnar útfrá áhuga barnanna og með því að hvetja þau til að koma með dæmi, færa rök fyrir máli sínu og sjá hlutina í nýju ljósi. Kennarinn og börnin eiga að leika sér í sameiningu að spurningum eins og: Af hverju? Hvað meinarðu? Hvernig þá? Hvers vegna? Hvað ef? Börnin eiga að tjá sig á eigin forsendum og komist að kjarna málsins út frá eigin undrunarefnum. Kennarinn verður því að kunna að undrast, láta sig dreyma, synda aftur á bak með börnunum og finna ráðgátur lífsins! Góður kennari kennir með því að vera til staðar í orðsins fyllstu merkingu, kennarinn þarf að leggja sig allan fram til þess að skilja, túlka, draga fram forsendur, leiða athyglina að afleiðingum og spyrja börnin spurninga sem leiða þau útúr ógöngum og ýta undir framrás samræðunnar.

Áður en byrjað er að nota bókina góðu með börnunum mælum við með að kennarinn kynni sér efnið vel og íhugi, bæði bókina og kennsluleiðbeiningarnar.

Við mælum með að lesa u.þ.b. eina opnu í einu og sýna myndirnar með. Eftir lesturinn er gott að spyrja börnin hvað var nú skemmtilegast? Skrýtnast? Sorglegast? Áhugaverðast? Flottast? Eða spyrja þau hvað þau vilja ræða? Börnin velja samræðu-punktinn með sínum orðum og hugmyndum. Mjög gott er að skrifa niður um hvað börnin vilja tala um og hefja "rannsókn" á því og gott er þá að styðjast við Sókratíska spurningarlistann til að halda samræðuboltanum á lofti. (sjá hér neðar)

Síðan getur verið gott að styðjast við kennsluleiðbeiningarnar okkar, þar eru spurningar/samræðuáætlun og hugmyndir. Einnig er gott að notast við aðrar aðferðir eins og að spjalla um innihald bókarinnar mála og föndra. Eða tengja tónlist við spjallið, eða spuna, kubbaleik, allt eftir áhuga barnahópsins. Vettvangsferðir eru einnig góðir stökkpallar inní samræður með börnum. Jafnréttisumræðan og þælingar sem skoppa upp úr þessari bók eiga heima hér og þar í skólalastarfinu.

Árangursríkt er að taka samræður barnanna uppá diktafón til að skoða síðar, þannig geta líka foreldrar og samstarfsfólk fylgst með samræðunum, sem og börnin sjálf. Einnig er nauðsynlegt í samræðunni að draga saman efnið sem til umræðu er og leita að einhverskonar niðurstöðu.

Gaman væri ef sá sem nýtir sér efnið hér að neðan sendi inn til Jafnréttisstofu sínar hugmyndir eða hugmyndir síns barnahóps til þess að kennsluleiðbeiningar vaxi og nýtist breiðum aldurhópi.

Góða skemmtun.

Sókratískar spurningar- hjálparspurningar í samræðunni.

1. Geturðu útskýrt?

Hvað meinarðu með ...?

Geturðu komið með dæmi?

Hvernig styður þú þetta?

Eru einhverjar frekari spurningar?

4. Spurningar sem horfa til þess sem er falið eða leiðir af:

Hvað felst í því sem þú ert að segja?

Er þetta í samræmi við það sem þú sagðir áðan?

Hverjar væru afleiðingarnar ef ...?

Mætti gera þetta að almennri reglu?

Hvernig mætti athuga hvort þetta er rétt?

2. Spurningar sem krefjast raka eða sannana:

Af hverju finnst þér það?

Hvernig veistu það?

Hvaða ástæður hefurðu?

Hefurðu sannanir?

Geturðu tekið dæmi um hið gagnstæða?

5. Spurningar um

spurningar/samræðuna:

Eru einhverjar spurningar um ...?

Hvers konar spurning er þetta?

Hvernig hjálpar þessi spurning okkur?

Hvar erum við stödd í rannsókninni?

Erum við einhverju nær um vandann?

3. Spurningar sem draga fram mismunandi sjónarmið:

Geturðu orðað þetta á annan hátt?

Er hægt að líta þetta öðrum augum?

Ef einhver héldi því fram að ...?

Hvað segði sá sem væri þér ósammála?

Sbr. Matthías Viðar Sæmundarson og Sigurður Björnsson 2000:14.

Þegar Friðrik var Fríða (bleika hliðin á bókinni)

Blaðsíða 1:

Friðrik er fimm ára og sefur vært í rúminu sínu. Það er þriðjudagsmorgunn í húsinu hans á Fjólugötunni. Bráðum vaknar Friðrik og það fyrsta sem hann mun sjá eru legókubbarnar og stóra bílabrautin sem hlykkjast um á gólfinu. Síðan mun Friðrik fara inn í eldhús og borða hafragraut með mjólk svo hann verði stór og sterkur og fái krafta á við ofurhetju eins og HULK sem getur lyft háhýsi með annarri hendi. Svo fer Friðrik í leikskólann og sýnir Andra og Víkingi hvað vöðvarnir hafa stækkað. En svona fer þó hreint ekki, því í dag er allt öfugsnúið.

Bls. 1

Samræðupunktur:

Hvernig verður maður sterkur?

Geta allir orðið sterkir, strákar og stelpur, karlar og konur, gamlir karlmenn og gamlar konur?

Hvað er að vera sterkur?

Hvað er að vera aumur?

Voðalega ertu sterkur/sterk segjum við stundum þegar einhver lyftir einhverju upp og líka segjum við stundum, vertu nú sterkur/sterk þegar einhver dettur. Af hverju?

Ef maður borða hafragraut og mjólk, verður maður súper sterkur eða?

Fyrst voru legókubbarnar, bílarnir og stóra bílateppið út um allt, af hverju?

Síðan voru dúkkur í kjólum, gulllitaður hestvagn, af hverju?

Er frekar allt í rusli í strákaherbergi?

Af hverju var glimmerálfur í hans herbergi? Og af hverju ekki?

Bleikir veggir hjá honum, viljum við ræða það?

Voru hin herbergin breytt, hvað haldið þið? Hvernig breytt?

Af hverju segir mamma krúsidúlla?

Segir maður ekki falleg orð við þá sem eru t.d. fljótastir að hlaupa?

Hvernig eru ofurhetjur?

Geta bara strákar orðið ofurhetjur?

Með hvernig dót leika strákar með? En stelpur?

Komið með dæmi af einhverju öfugsnúnu?

Opnum hugtakið karlmennska, kvenleiki, jafnrétti.



Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Útbúa Glimmerálf og Hulk – og spjalla um álfa og súper-sterkar fígúrir.

Hafa prinsessumorgunkorn og sjóræningjamorgunkorn í morgunmat, eins og í bókinni/sögunni.

Leikum með þetta dót, fara í barbí-dótaleik – leika með hefðbundið stráka og stelpu dótaval.

Lesa líka um stelpuna sem átti tvær mömmur eða tvo pabba.

Prófa/tilraun: Sterkur/sterk – hverju getum við lyft?

Tilraun með hafragraut – fyrir og eftir máltíð, verður maður sterkari? Já/nei, af hverju/af hverju ekki - erum við þá ekki sterkari í dag en í gær eða fyrir ári?

Horfa á Hin ótrúlegu.

Fara í vettvangsferð á líkamsræktarstöð.

Syngja Súpermanlagið.

Blaðsíða 2:

Friðrik opnar augun og sest upp í rúminu — BÚMM! Hann rekur höfuðið í eitthvað sem hangir neðan í hillunni fyrir ofan rúmið hans. Það er glimmerálfur, — GLIMMERÁLFUR — hér í herberginu hans? Það sáldrast glimmer yfir Friðrik og hann lítur betur í kringum sig. Veggirnir eru bleikir – hafa bara breyst með töfrum á einni nóttu.

Og eins og það sé ekki nóg, — NEI — á hillunum ofan við rúmið sitja dúkkur í kjólum. Þar er líka gulllitaður hestvagn, skríni með perlum og ljósrauð taska. Legokubbarnir eru á sínum stað. Á veggnum hangir teikning af prinsessu. Friðrik verður að skoða dúkkurnar betur seinna því nú liggur á að sjá hvort hin herbergin í húsinu hafi líka breyst. Og þá kallar mamma úr eldhúsinu „Góðan dag krúsidúlla!“

Bls. 2**Samræðupunktur:**

Af hverju sagði mamma hans við hann “Góðan daginn krúsidúlla”? Vissi mamma hans ekki að hann var hann?

Draumur blár – af hverju er draumurinn blár? Sjáið hér í bókinni.

Var þetta draumur í draumnum?

Getur tvennt gerst inni í manni í einu?

Hver er munurinn á draumi og vöku?

Er hægt að stjórna draumum?

En dagdraumum?

Er hægt að stjórna því sem maður gerir í vöku?

Er hægt að stjórna hvað maður hugsar?

Hver er munurinn á því að hugsa og dag-dreyma?

Ég hugsa núna... af því að... og (nafn þess sem situr þér við hlið) hugsar... af því að...

Veit ég hvað aðrir hugsa?

Hvað gerist ef strákar fara í bleik föt, eigum við að prófa?

Er maður eins t.d. í bleikum sokkum, prófum það með leik og krafta. Er maður eins sterkur í bleikum sokkum og gráum?

Eru til stelpu og stráka litir? Af hverju? Og ef svo er hver ákveður það?

Skoða myndirnar á þessari opnu og velta fyrir okkur, er þetta dæmigert stelpuherbergi eða?

Herbergið breyttist – eru breytingar góðar?

Er hægt að breytast í aðra persónu?

Getur strákur verið Rauðhetta? Getur stelpa verið Hrói höttur?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Hann rak sig í Glimmerálf, eigum við að útbúa glimmerálf? Og líka HULK og ræða/spjalla meira um hvort það sé í alvörunni til stelpudót og strákdót, stelpulykt og strákalykt, stelpuföndur og strákaföndur, stelpulitir og strákalitir.

Gera tilraunir með liti og blanda.

Hafa bleikan litadag í leikskólanum. Hafa bláan litadag í skólanum.

Vettvangsferð heim til barna – sjálfboðaliða – og skoða hvernig stráka og stelpuherbergi eru.

Klippa út úr tímaritum strákalegt og stelpulegt og líma sitt hvoru megin á blað.

Geta dúkkur bara verið í kjólum? Skoða dúkkudót.

Útbúa skríni með perlum og spjalla á meðan um efnið sem lesið var um.

Þjóða uppá steriótýpað strákadótaval og stelpudótaval og reyna að rýna í viðbrögð barnanna.

Blaðsíða 3:

Eldhúsið er alveg eins og vanalega og það er mamma hans líka nema þetta að kalla hann krúsidúllu. Það hefur hún ekki gert áður. Það talar heldur enginn þannig við fimm ára strák, sem auk þess hleypur hraðast af öllum í leikskólanum. Mamma hlýtur að vera að grínast svo Friðrik segir ekki neitt. Á borðinu stendur skál með hafragraut, Friðrik stráir sykri á grautinn á meðan mamma hellir mjólk í glas. Þá rekur hann augun í fötin sem hann á að fara í. Þarna liggja bleikar buxur og peysa með blómum. „NEI TAKK,” segir Friðrik ákveðinn og bendir á fötin. Einu sinni þurfti hann að fá lánuð föt í leikskólanum og þá var ekkert til nema bleikar buxur. Andri uppnefndi hann og kallaði hann stelpustrák. Það ætlar Friðrik ekki að láta gerast aftur. Sem betur fer nær mamma í gallabuxur og rauða peysu. Það er í lagi, því rautt er ekki stelpulitur og svo á Andri líka rauðar buxur.

Bls. 3**Samræðupunktur:**

Stelpustrákur / strákastelpa = hvað er það? Með hvernig dót leika þau sér o.s.frv.

Hvað er vanalegt? Eldhúsið var eins og vanalega - er eldhúsdót strákadót eða stelpudót. Hvað er í skápunum rauð skál, en í skúffunum - blá sleif?

Af hverju hafði eldhúsið ekki breyst?

Hvað getur breyst? Breytast hús? Hvernig?

Herbergið var breytt en eldhúsið eins, breytumst við líka? Hvernig?

Að grínast, hver var að grínast?

Hvað viljum við ekki láta gerast aftur?

Má ekki kalla 5 ára strák krúsidúllu?

Hvað segir maður við stráka sem eru fljótir að hlaupa?

Hvað segir maður við stelpur sem er fljótar að hlaupa?

Má segja krúsidúlla við stelpur? Hver ákveður þetta allt?

Þarna liggja bleikar buxur með blómum segir í bókinni og svo “Nei takk”, af hverju segir hann það?

Að fara í bleikar buxur, er það svo agalegt?

Af hverju vil Friðrik, nú Fríða ekki fara í bleikar buxur?

Rauðar buxur eru stelpu eða stráka flík, eða hvað?

Geta strákar búið sér til skrín, t.d. með perlum, hvernig? Viljum við prófa.

Stelpustrákur – hvað er það? Með hvernig dót leika þeir og svo framvegis.

Hvað er stelpustrákur?

Ef maður kynnist einum marsbúa og hann er hávaxinn væru þá allir marsbúar hávaxnir?

Af hverju er mamma skrytin?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara saman í barbíleik og svona seinna í bíla/trukkaleik.

Bleikur litur málaður á blátt karton og blár litur á bleikt.

Vinna klippimynd, skoða fullt af tímaritum og klippa svo út myndir af einhverju sem börnunum finnst tilheyrast stelpum annarsvegar og svo strákum hinsvegar og líma á sitt hvorn helming á blaði. Finna svo út hvað kynin eiga sameiginlegt – allt eða sumt?

Gera tilraun með því að skipta í lið eftir kynjum og fara í kapphlaup.

Blaðsíða 4:

Þarna er líka svart hárband með rauðu perlublómi. — Hvað á hann eiginlega að gera við það? Friðrik ákveður að stinga því bara í vasann. Þegar Friðrik fer frá borðinu segir mamma „Heyrðu, ætlar þú ekki að setja diskinn þinn í uppþvottavélina?“ En Friðrik er þegar lagður af stað til að athuga allt þetta furðulega dót sem er uppi í herberginu hans og er ekkert vanur því að ganga frá diskinum sínum. Mikið er mamma skrítin í dag. Af hverju ætti HANN að ganga frá diskinum sínum? „Flýttu þér nú, við þurfum að drífa okkur af stað,“ segir mamma.

Bls. 4**Samræðupunktur:**

Ganga frá eftir sig /disknum þínum segir mamma- já hvers vegna á hann að ganga frá?
Tala um hvernig er það vanalega?
Eigið þið gælunöfn eins og krúsidúlla eða?
Stelpustrákur hvað er það?
Ræða um liti og kyn.
Ræða liti og skynjun - Hvaða litir dettur ykkur í hug þegar ég segi; góður, vondur, skemmtilegur, leiðinlegur? En þegar ég segi jól, páskar, sumar, vetur, kalt, heitt, strákur, stelpa?
Furðuleg leikföng, hvernig eru þau?
Hver ákveður hvað er furðulegt?
Af hverju setti Friðrik hárbandið ekki í hárið frekar en í vasann?
Af hverju gat Friðrik ekki sett diskinn í uppþvottavélina?
Gera strákar ekki svoleiðis? Ganga frá eftir sig eða aðra!
Hver gengur frá í leikskólanum?
Er þetta furðulegt dót: Dúkkur + glimmerálfur + legókubbur + gulllitaður hestvagn?
Af hverju?
Er það furðulegt fyrir stráka eða stelpur?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Útbúa hárskraut saman.

Fara í vettvangsferðir og skoða starfsstéttir eins og kokka, eru það karlar eða konur sem eru kokkar.

Gunna og Felix syngja “Ertu að baka, baka brauð” á disknum Landkönnuðir. (Hvað er ekki jafnrétti? Spyr Felix.)

Syngja Ég vil líkjast Daníel og líka syngja það með því að snúa því við.

Syngja eða hlusta á lagið Ég er að elda með Ómari Ragnars.

Syngja Guttavísur og nota nafnið Lísu í stað Gutta.

Blaðsíða 5:

Þegar Friðrik mætir í leikskólann koma Alfa og Aisha askvaðandi og detta nærri því um fæturna á honum. Þær kalla: „Halló Fríða!“ Það sem þeim dettur í hug þessum bullukollum. Þær spyrja hvort hann vilji koma með þeim í dúkkukrókinn og það finnst Friðrik spennandi því strákarnir fá sjaldan að leika sér þar. „Eigum við ekki að segja að ég sé mamman, og þú stóra systirin. Aisha getur verið litla systirin,“ segir Alfa.

Bls. 5

Samræðupunktur:

Hvað er bullukolla?

Bullukollur, eru einhverjar Bullukollur hér/ saman hér?

Stelpurnar bjóða honum að vera með en hann er Fríða! Já hann er stelpa núna, hvað finnst

ykkur um það? Hefðu þær boðið honum með ef hann væri strákur?

Fá strákar að vera með í dúkkó yfirleitt - Fá þeir að vera mamman?

Þær eru að makka/ákveða eitthvað, “eigum við að segja að ég sé mamman” eru stelpur svona?

En strákar?

Ræða um Aisha, er hún innflytjandi?

Hvað er að vera innflytjandi? Ræða það.

Af hverju segja Aisha og Alfa, Halló Fríða? Um hvaða Fríðu er verið að tala?

Af hverju fannst honum spennandi að fara í dúkkukrókinn?

Fara strákar sjaldan í dúkkuleik?

Hverjir leika í dúkkukróknum í okkar leikskóla?

Láta börnin spyrja í öðrum leikskólum hverjir nota dúkkukrókinn mest, strákar eða stelpur.

Hlutverk í dúkkukróknum, hver leikur við hvern oftast?

Hver á að ráða? Hver ræður?

Pabbinn í vinnunni allan daginn segir í bókinni, hvað gera pabbar í vinnunni? Hvað gera

mömmur í vinnunni? eru til pabbar sem eru ekki í vinnunni allan daginn?

Hver kaupir í matinn?

Hver eldar matinn?

Hver ákveður hvað er í matinn?

Er réttlát að Alfa ákveður hver er mamman og litla systir og stóra systir?

Er heimurinn óréttlátur?

Væri heimurinn réttlátari ef:

Allir hefðu jafna lífsmöguleika við fæðingu?

Allir hefðu aðgang að rennandi vatni?

Allir væru jafn sterkir?

Allir væru jafn fátækir?

væru jafn ríkir?

Öllu væri skipt jafnt milli allra?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara í vettvangsferð og skoða dúkkukróka í öðrum leikskólum.

Fara í dótubúð saman og skoða dótið og ræða um t.d. af hverju búðin er deildarskipt í stráka og stelpuvörur!

Syngja lagið um Dúkkuna hennar Dóru.

Syngja Dansi dansi dúkkan mín.

Blaðsíða 6:

Friðrik er undrandi og þínu glaður líka, venjulega má hann bara vera hundurinn þegar hann leikur við stelpurnar. Mamman háttar smábarnið, býr til matinn og gerir hreint en systurnar eiga að hjálpa til. Friðrik er orðinn þreyttur á því að Alfa vill ráða öllu „Ég vil frekar vera pabbinn,” segir hann. „Allt í lagi, þá ferð þú í vinnuna og kemur ekki heim fyrr en í kvöld,” svara stelpurnar. „Þannig er það ekki heima hjá mér,” segir Friðrik, „mamma og pabbi fara bæði í vinnuna á morgnana og þegar pabbi kaupir í matinn ræður hann líka hvað á að elda.“ Alfa og Aisha hlusta ekkert á það sem pabbi Friðriks gerir. „Þá getur þú bara ekki verið með Friða,” segja þær. Þegar Friðrik fer heyrir hann Ölfu segja: „Eigum við ekki að segja að ég sé fallegasta stelpa í leikskólanum?“

Bls. 6**Samræðupunktur:**

Undrandi, af hverju verðum við undrandi?

Hvenær undrast maður?

Er munur á því að undrast um eitthvað eða undrast á einhverju?

Verkaskipan, mamma háttar smábarnið – hvernig er þetta hjá ykkur?

Er til eitthvað sem heitir almennilegt fólk?

Hvernig eru verkaskiptingin hjá almennilegu fólki?

Hver eru þá helstu einkenni á almennilegu fólki?

Eru börn almennilegt fólk?

En mamma og pabbi? Stjórnáamenn? Söguhetjur í bókum?

Sköða myndina í bókinni af dúkkukrókunum, hvernig er hann á litinn?

Má skilja útundan í miðjum leik? Ræða um það.

Og hvað hangir á slánni? Eru það bara kjólar?

Hver ákveður hvað er fallett?

Í hverju felst fegurð?

Getur einum fundist eitthvað fallett en öðrum ljótt?

Hvernig veit maður að eitthvað er fallett? Sér maður það? Finnur maður það? Heyrir maður það? Snertir maður það?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara í hlutverkaleik/í dúkkukrókinn.

Fara og kaupa saman í matinn fyrir leikskólann.

Mála strák sem breyttist í stelpu eins og í sögunni og spjalla um myndirnar og um mismuninn á strák og stelpu, hárið, fötin, en svipbrigði.

Syngja Guttavísur, breyta Gutta í Lísu- það eru líka til óþekkar stelpur! Það er lítið til að nýjum sönglögum sem brjóta upp kynjaímyndir!

Blaðsíða 7:

Í listakróknum sitja Júlía og Ágúst. Kristján leikskólakennari réttir þeim tússliti, pappír og lím og Friðrik sest hjá þeim. „Eigum við ekkert glimmerlím?“ spyr Júlía og tekur lokið af gulltússlitnum. „Og kannski efni í prinsessukjól?“ Kristján nær í skúffu með efnisafgöngum og Júlía finnur sér gullefni og blúndur, klippir það niður og límir á blaðið sitt. Friðrik langar að teikna með silfurtússlitnum en hann er hræddur um að Ágústi finnist hann of stelpulegur. „Hvað ætlar þú að teikna í dag?“ spyr Kristján. Friðrik hugsar sig um og fær góða hugmynd. „Ég ætla að teikna hákarl og hann á að vera silfurlitaður.“ Silfurhákarlinn eignast svo hákarlapabba og lítinn hákarlabróður. Þegar Júlía er búin að nota gyllta tússinn verður hákarlabróðirinn gylltur líka. „Hákarlarnir eiga heima í hafinu með fullt af hafmeyjum.“ Friðrik nær í ögn af blúndu og klippir út fisk, svo límir hann glimmerefni fyrir sporð. „Ég vil líka gera svona,“ segir Ágúst. Ekki líður á löngu þar til vatnagróður, hafmeyjar með sítt hár, marbendlar og marglyttur þekja borðið. Að síðustu raðar Friðrik skeljum og perlum á hafsbotninn.

Bls. 7**Samræðupunktur:**

Er silfurpenni bara fyrir stelpur/stráka?

Er silfur og gull litir stelpu/stráka eða?

Eru hákarlar blíðir?

Er hákarlamamman blíð og góð við hákarlabarnið?

En hákarlapabbinn er hann blíður og góður við hákarlabarnið?

Hákarlar og hafmeyjur lifa saman í bókinni – gengur það? Af hverju/af hverju ekki?

Á maður bara að gera það sem maður heldur að aðrir vilji að maður geri?

Hvað er glimmer?

Er hægt að líma með glimmer?

Hverjir nota glimmerlím?

Eru til hafmeyjar?

Geta strákar verið hafmeyju-strákar?

Hvar eiga þau heima?

Hvað gera þau?

Við hvað vinna þau?

Hvað borða þau?

Hvar sofa þau?

Hvernig tala þau?

Er leikskóli þar?

Hverjir veiða þessi dýr? Strákur eða stelpa, kona eða karlmaður? Af hverju?

Borða ekki allir fisk!

Er það út af marglittum sem sjórinn er svona marglitur?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara í vettvangsferð í fjöru og skoða og pæla. Finna marglyttur og skeljar og allskonar.

Er marglyttan strákur eða stelpa, kona eða karlmaður? En skeljarnar?

Fara í fjöruferð og nota net – finna eitthvað um hafið.

Fara í vettvangsferð í húsdýragarði og skoða og pæla.

Horfum á hafmeyju mynd eins og WD Hafmeyjan litla.

Skoða fræðslubækur um hafið og lífríkið.

Gera verkefni úr fjörudótinu og skreyta með teikningum af fiskum, hafmeyjum eða hákörllum.

Hengja upp net og fönndra síðan dýr sem festast í því.

Hlusta á ógnvekjandi lagið úr kvikmyndinni Jaws, eða er það ekki ógnvekjandi?

Velta margbreytileika hafsins fyrir okkur, af hverju breytist hafið? Logn og stormur!
Spá í hreyfingar sjávardýranna t.d. hákarlanna og hafmeyjanna, marglyttna.
Spá í hreyfingar hafsins/sjósins – horfa og finna eða bara ímynda sér eða skoða á netinu eða í sjónvarpinu. Sama haf stillt og svo úfið og öldurnar alltaf á sínum stað.
Búa til leikrit/sögu/ævintýri úr frá myndlistaverkefni – hvaða verkefni?
Útbúa hafmeyjarmynd eða hákarlamynd.
Fótabað með skeljum og nudd á eftir!
Fara í vettvangsferð á sædýrasafn og skoða og pæla.
Fara í fjöruferð og skoða marglyttur eru þær kvenkyns eða karlskyns?
Útbúa hafmeyjur og hákarla eins og krakkarnir í bókinni.
Fræðast um hákarla, kíkja í fræðibók.
Gera sjávarþema – og læra um fiska.
Gera sögu sem gerist í sjónum.
Syngja Fiskalagið.
Syngja Kátir voru karlar, en konur?
Syngja lagið hennar Stínu, Alli, Palli og Erlingur.
Syngja Hafið bláa hafið.

Blaðsíða 8:

„Eftir matinn getum við hengt klippimyndina upp og búið til ævintýri um hana,“ segir Kristján leikskólakennari. Friðrik fer fram til að þvo sér um hendurnar, á leiðinni hittir hann Lísbet, leikskólakennarann sinn. „En hvað þú ert í finni peysu í dag,“ segir hún. Það líður nokkur stund áður en Friðrik skilur að hún er að tala við hann. „Þetta er svo fallegt fiðrildi,“ heldur hún áfram. Yfirleitt er Friðrik hrifinn af fiðrildum. En ekki ef þau eru með perlum og pallíettum og aftan á peysunni hans. Samt er það svolítið notalegt að Lísbet er að tala við hann, því oftast er hún að skammast í honum. „Getur þú komið með mér fram í eldhús að ná í matarvagninn?“ spyr Lísbet.

Bls. 8

Samræðupunktur:

Hverjir hrósa ykkur oftast? En skamma ykkur oftast? Fyrir hvað?

Strákur upplifir Lísbet kennara þannig að hún skammi meira en hrósi! Af hverju ætli hún sé oftast að skammast í honum?

Tala og skammast kennara örðuvísi eða oftast í strákum eða stelpum?

Af hverju finnst Friðriki notalegt að Lísbet tali við sig?

Sér maður á fötunum hvort maður er strákur/stelpa?

Skiptir máli að vera í fötum sem sýna hetjur eins og prinsessur og sjóræningja skreytt með perlum og glimmer.

Hvernig eru fiðrildi t.d. á litinn?

Hvaðan koma fiðrildi?

Af hverju vill Friðrik ekki vera í fiðrilda peysu með perlum?

Hvernig eru stelpu fiðrildi?

Hvernig eru stráka fiðrildi?

Nefnið dæmi um eitthvað sem er líkt með öllu fólki.

Eitthvað sem er líkt með sumu fólki en ekki öllu.

En eitthvað sem er einstakt og ekki líkt með neinum tveimur.

Getum við látið allt líkjast einhverju? Hvað græðum við á því?

Geta ömmur það sama og afar, teljið upp!

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Útbúa fiðrildi – teikna, lita, glimmera og líma pallíettur á fiðrildin.

Æfa okkur að hrósa hvort öðru.

Skoða fræðslubækur um fiðrildi.

Horfa á myndina/lesa ævintýrið um Litlu lirfuna ljótu. (kennsluleiðbeiningar um þá sögu má nálgast í Lundarseli.)

Fara í vettvangsferð og skoða náttúruna eins og t.d. fiðrildi eða lirfur.

Hreyfa okkur eins og fiðrildi.

Syngja lagið um það sem er bannað – Það má ekki pissa bak við hurð.

Syngja Fljúga litlu fiðrildin.

Blaðsíða 9:

Eftir matinn vill Kristján fá Friðrik með í að semja ævintýri um klippimyndina. „Vilt þú ekki vera með okkur Fríða?“ spyr hann og bendir á Friðrik. Þetta er nú að verða dálítið ruglingslegt. Friðrik ákveður að það sé best að fara á Leynistaðinn og hugsa málið.

Bls. 9

Samræðupunktur:

Ruglingslegt- hvað þýðir það?

Af hverju finnst manni það?

Af hverju er strákurinn/Friðrik ruglaður?

Er eitthvað ruglingslegt fyrir hann einan en ekki hin?

Að hugsa?

Hvað er hægt að hugsa um?

Hvaðan koma hugsanir?

Hver “stjórnar” þeim?

Til hvers þarf maður að hugsa?

Hvað er leynistaður?

Til hvers eru leynistaðir?

Eiga allir leynistað?

Hvernig eru þeir?

Eru þeir litlir stórir, bjartir, dimmir, inní, undir eða hvað?

Hvar gæti okkar leynistaður verið? Eigum við að útbúa einn? Hvar? Á WC, kaffistofunni, loftinu, bak við hól, uppá þaki eða úti!

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Semja ævintýri.

Tilraun: Er þetta leynistaður? Búa til leynistað með því að setja teppi yfir borð og skríða undir, erum við í næði, veit einhver um staðinn!

Teikna það sem maður hugsar.

Syngja Óskasteinalagið.

Syngja Komdu niður.

Opnan (miðjan í bókinni)

Leynistaðurinn er felustaður sem er inni í illgresi og runnum sem vaxa á lóðamörkum tveggja leikskóla. Þeir fullorðnu vita ekkert um Leynistaðinn. Og einmitt þennan skrítna þriðjudag hittast þar tvö börn frá sitt hvorum leikskólanum. Þau þekkjast ekkert en það breytist brátt. „Halló!“ segir barnið sem heitir Friðrik, „hvað heitir þú?“ „Ég heiti Rósa en ég hef verið kölluð Ragnar í allan dag og ég er alveg að venjast því.“ „Ég skil alveg hvað þú meinar,“ segir Friðrik, „í dag hafa allir kallað mig Fríðu.“ Krakkarnir eru sammála um að þau vilji heldur heita nöfnum sem passa því að hittast á Leynistað á skrítnum þriðjudegi. „Ef ég heiti Yksi þá getur þú verið Kaksi,“ stingur Friðrik upp á. „Eigum við að leika að skipið okkar hafi sokkið og við séum á eyðieyju?“ spyr Friðrik sem núna heitir Yksi. Það er heitt á eyjunni og þau fara úr úlpunum og gera sér lítið hús þar sem þau geta verið í friði fyrir slöngum, ljónum og risavöxnum köngulóm. „Síðan verður þú veikur og ég bý til meðal handa þér“ segir Kaksi sem tínir nokkur ber af runnunum og blandar saman við sand og laufblöð. En Yksi frussar lyfinu út úr sér: „— Oj þetta er kekkjótt!“ „Meira segja þótt það sé gott við vampýrum, rauðum hundum og allskonar?“ segir Kaksi hnuggin. Það er leiðinlegt að vera veikur til lengdar og allt í einu kemur ljón sem Yksi þarf að verjast. Hann nær í sverðið og á meðan hann er að berjast við ljónið kemur slanga skrífandi aftan að honum og ætlar að bíta hann. Þá breytir Kaksi sér í ofur-Kaksa. Hún töfrar slönguna burtu, stráir breytingadufti á Yksi og þau fljúga burtu saman. Þá segir Yksi: „Það er ég sem stjórná fluginu!“ „Nei það vil ég ekki“ svarar Kaksi ákveðin. „Ég er með töfraduft og get flogið sjálf.“ Hárið á Kaksi fýkur fyrir augun á henni og Yksi dregur svarta hárbandið með rauða perlublóminu upp úr vasa sínum og gefur henni. Allt í einu kemur dreki fljúgandi á móti þeim. Þegar þau mætast snýr drekinn sér að þeim og ropar hátt.

Opnan - miðjan

Samræðupunktur:

Er til staður í leikskólanum sem börnin vita bara um en ekki fullorðnir?

Hvernig eru furðulegu leikföng? En venjuleg? Hvað er venjulegt?

Pabbi Rósu sækir hana og spyr hvernig í ósköpunum hún hafi getað óhreinkað sig svona, hvað á pabbinn við?

Krakkar hafið þið hitt einhvern sem þið þekkið ekkert og farið að leika við hann?

Þekkið þið einhvern sem á engan vin?

Hvernig líður manni þá?

Hvernig eignast maður vini? Komið með dæmi?

Hafið þið átt erfiða daga og engan vin?

Til hvers þarf maður vini?

Er hægt að leita sér að vini?

Býr maður kannski til vini úr kubbum?

Kaupir maður vini, kannski í Hagkaup?

Verða börn að vera jafn gömul til að geta verið vinir?

Geta lítil börn og eldgamalt fólk verið vinir?

Getur maður verið vinur sjálfs sín?

Finnst vini þínum það sama og þér?

Plata vinir?

Lemja vinir?

Hvað gera vinir saman?
 Hvað gera þeir sem eru ekki vinir?
 Á maður að hjálpa vini sínum? Af hverju?
 Hverjir eru vinir manns?

Er hægt að vera vinur...	Já/Nei
Kisu	
Kóngulóar	
Tunglsins	
Fullorðins	
Skessunnar	
Stráks	
Stelpu	
Afríkubúa	

Ræðið hvers vegna og hvers vegna ekki, hver segir það, hvað takmarkar það, hvernig vitum við það?

Þetta var búið að vera furðulegur dagur hjá þeim báðum... en hvað er furðulegt/ekki venjulegt? Hvað er furðulegt?

Hvernig veit ég að eitthvað er furðulegt?

Er allt furðulegt?

Er það sama að furða sig á einhverju og vera hissa?

Er Tarsan furðulegur?

Er leikskólinn furðulegur?

Er snjórinn furðulegur?

Er furðulegt að heita eitthvað annað, allt í einu?

Hvers virði er manni nafnið manns?

Segja nöfn eitthvað um þá sem bera þau?

Hafa nöfn áhrif á persónuleika fólks?

Eftir hverju fara foreldrar þegar þeir nefna börnin sín?

Eigið þið gælunöfn?

Að breytast í eitthvað annað – eins og þau gerðu...

Er hægt að breytast í eitthvað annað? Hvernig?

Hverjir geta breyst í eitthvað annað?

Geta ... breyst	Já	Nei	Hvernig?
Hestar			
Fiskar			
Bílar			
Fjöll			
Fólk			
Boltar			
Steinar			
Skór			
Fjöll			
Skógur			
Blóm			

Af hverju vita þeir fullorðnu ekkert um leynistaðinn?

Hvernig kynnist maður nýju barni/nýjum vini?

Skiptir máli hvað maður heitir?

Getur maður breytt nafninu sínu?

Hvenær má breyta nafninu sínu?

Má heita allskonar? Eins og nótt, blóm, stjarna, stóll eða sjö.
 Hvernig nöfn eru Yksi og Kaksi?
 Eru það stelpu eða stráka nöfn?
 Af hverju varð Yksi veikur?
 Hvað eru veikindi, hvað er að vera með rauðu hundana og vampýruveikur?
 Hvenær fær maður lyf?
 Hvað er eiginlega lyf?
 Hver má gefa lyf?
 Er skemmtilegt/leiðinlegt að vera veikur/veik?
 Af hverju vill Kaksi að Yksi verði veikur í leiknum?
 Hvað er ofur-Kaksi?
 Hvernig gat Kaksi breytt sér í ofur-Kaksa?
 Er breytingar duft til? Ef svo úr hverju ætli það sé?
 Hvernig hefur dagurinn ykkar orðið ef þið hefðuð breyst í einn dag í strák/stelpu?
 Yrði allt eins? Herbergið ykkar? Morgunmaturinn? Leiðin í leikskólann? Að vera í leikskólanum? Vinir ykkar, yrðu þeir eins? Hvernig yrði ykkur tekið? Yrðum við – við sjálf?
 Þau voru glöð og ánægð þegar foreldrarnir sóttu þau. Hvernig líður okkur þegar við erum glöð? Líður okkur vel/illa?
 Hvernig líður okkur þegar við erum ánægð? Líður okkur vel/illa?
 Er munur á því að vera glaður eða ánægður?
 En hvenær erum við glöð/ánægð:

Þegar við eigum afmæli	Þegar mamma les fyrir okkur
Þegar við fáum góðan mat	Þegar við leikum okkur
Á jólunum	Þegar það snjóar
Á páskunum	Þegar það er sól
Þegar við meiðum okkur	Þegar mamma fer í vinnuna
Þegar við erum veik	Þegar okkur er strítt
Þegar við stríðum einhverjum	Þegar einhver meiðir okkur
Þegar við meiðum einhvern	Þegar vinur okkar er hjá okkur
Þegar við erum við sjálf	Þegar við þykjumst vera einhver annar

En af hverju vaknar Friðrik upp sem Fríða og Rósa sem Ragnar?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Leika sögupráðinn.

Teikna uppáhaldsatviki á leynistaðnum/ og gefa börnunum tækifæri á því að kynna myndina sína og þá jafnvel rýna í verk sitt og fá tækifæri á að bæta myndir sínar.

Börnin búa til vinabönd og gefa hvert öðru.

Börnin skrifa/teikna mynd og senda vini/um sínum.

Barn dregur miða með nafni annars barns og er vinur hans í ákveðinn tíma. (Þetta gæti átt við um ákveðna stund sem sett er upp í þessum tilgangi). Hugmyndin er sú að láta reyna á vinahugtakið og láta reyna á samleik og samskipti barna sem hafa ekki endilega verið sérstakir vinir. Ræða við þau um vináttuna og minna þau á hvað er vinur?

Fara í leik og nota stórt rými til að útbúa leynistað, skip, girðingu og fara í hlutverkaleik. (eins og þau í sögunni)

Fara í leik og finna sér ný nöfn og nota þau allan matartímann eða allan daginn.

Fletta því upp hvað nöfnin okkar þýða.

Skoða bækur um jurtir – lækningarjurtir.

Fara í vettvangsferð og skoða plöntur/jurtir – taka smá með heim og útbúa krem eða eitthvað í þeim dúr.

Gera tilraunir með vatn, vítamínstöflu í filmuboxi eða öðru íláti þannig að það verði gos.

Gera tilraunir með vatn og klaka.

Gera tilraun með lyftiduft, lítinn kertastubb og edik í 5-6 sm. skál. Af hverju slökknar á kertaljósinu, eitthvað í umhverfinu eða ?

Fara út og setja drullumall í stígvél og máta – hum.

Vinnustaðaferðir, svo allskonar vinnuhópar verði börnunum ljósari, gera vinnumarkaðinn gagnsæjari. Og velta fyrir okkur hverjir búa á í bænum okkar? Er það allskonar fólk eins og gamlir og ungir, eða? Hvernig vinna þeir eða hvað gera þeir. Hvað er gert í þeirri vinnu? Til hvers er sú vinna? Hvað ef það væri ekki gert? Hvað ætlið þið að verða þegar þið verið stór? (vinna við hvað?)

Syngja nafnalög eins og Hvar er Anna og Adda dansar á pallinum og Helga skellir hlær.

Blaðsíða 1:

„Góðan dag!“ kallar pabbi til Rósu. Hún sefur vært í prinsessurúminu sínu í húsinu í Strandgötunni, eða það heldur hún. Það er reyndar ekki þannig í dag en það veit hún ekki ennþá. „Góðan dag!“ kallar pabbi aftur dálítið hærra og þá gerist eitthvað. Rósa snýr sér syfjulega við. — Æi, það er eitthvað hart og beitt í rúminu, hún stingur hendinni undir sængina til að gá hvað þetta er – KAPPAKSTURSBÍLL! Hún hefur legið ofan á honum. Fjölskylda Rósu veit allt um bíla en sjálf hefur hún aldrei átt leikfangabíl. Rósa situr enn með bílinn í höndunum þegar hún uppgötvar að köngulóarmaðurinn er út um allt. Á sængurverinu, á koddanum, á lakinu og meira að segja á náttfötunum – og Rósa sem er von að sofa í náttkjól. Og hvar er himnasængin hennar með bleiku blómunum?

Bls. 1**Samræðupunktur:**

Hvað mynduð þið gera ef þið vöknuduð upp sem strákur/stelpa?

Hvernig myndi ykkur líða strákar ef þið mundið vakna sem stelpur einn morguninn?

Hvernig myndi ykkur líða stelpur ef þið mundið vakna sem strákar einn morguninn?

Hvernig myndi ég til dæmis breytast (kennari) ef ég myndi vakna sem andstætt kyn?

Eiga mömmur eitthvað dót sem pabbar eiga ekki? Og eiga þá pabbar eitthvað dót sem mömmur eiga ekki?

Sofa allar stelpur í náttkjól? Geta strákar og karlmenn sofið í náttkjól? Náttserk? Sýna mynd af náttserk.

Ef fjölskyldan hennar veit allt um bíla af hverju veit hún þá ekki allt um bíla?

Er eitthvað líkt þessu heima hjá ykkur eða hér – einhver þekking sem þið eruð ekki með í?

Leika stelpur sér með bílakapp-aksturs-braut?

Er til Hulk kona? Hvernig er hún?

Er til Spiderman/köngulóar kona? Hvernig er hún?

Er meiri drasl í stelpuherbergi en strákaherbergi?

Segir mamma eða leikskólakennarinn oftast við stelpu að hafa fínt hjá sér? En við strák?

Stelpan var að vakna – svaf yfir nóttina – hvað gerist á nóttunni?

Hvað er nótt?

Hvaðan kemur nóttin?

Hver býr til nóttina?

Til hvers er nóttin?

Þurfum við að hafa nótt?

Hvernig vitum við að það er nótt?

Er nóttin dimm/björt?

Er ljós á næturnar?

Er nóttin löng?

Hvað gerum við á næturnar?

Sofa allir á næturnar?

Er hægt að sofa á daginn? Hvernig?

Er nóttin lengri á veturna en sumrin?

Er einhvern tíman aldrei nótt?

Hvernig væri ef enginn nótt væri til?

Hættir nóttin einhvern tíman að vera nótt?

Hvert fer hún þá



Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Klippa út gömul sængurver með myndum og líma á blöð – spjalla um “kyn” sængurversins eða er það til?

Hvað sjáið þið á myndinni í bókinni/skoðun/tölum saman.

Teikna stelpu sem breytist í stráka og spjalla um hvað ef maður breytist yfir nóttu!

Fjölskylda Rósu veit allt um bíla hvað vitum við um bíla – fara í vettvangsferð.

Ræða saman um bíla almennt, eins og hvað þeir þurfa, hverjir vinna við að dæla bensíninu, hver athugar með olíuna, hvort það væri gaman... og hver þvær bílinn, hver skiptir um dekk, hver keyrir, hver gerir við og svo framvegis. Fara á bílaverkstæði og rannsaka.

Gera rannsókn á því hverjir keyra – fara við akbraut og merkja við í stúlabók hvort það eru konur eða karlmenn sem keyra.

Gera rannsókn – hvar situr konan eða karlinn?

Hverjir keyra strætó – karl eða kona?

Útbúa kóngulóa-grímur.

Skoða sængurver t.d. í Rúmfatalagernum – eru til stráka og stelpu rúmföt? Af hverju? En konu og karlarúmföt?

Skoða bílana það er að segja tegundirnar og merkja við í stúlabók.

Lita inní Spiderman myndir og klippa út.

Smíða rúm og prufa það - kannski dúkkurúm fyrir stráka eða stelpu dúkku og leika söguna.

Skoða dótið okkar og flokka það í hlutverkaleik, föndurdót, byggingardót og svo framvegis.

Einnig athuga hvort hægt er að flokka dót í stráka og stelpu. Og þá velta fyrir okkur hvort sé til mömmu og pabba dót/ konu og karladót. Er sumt dót bæði fyrir stráka og stelpur /allt dót.

Blaðsíða 2:

Á gólfinu stendur stór kassi með fullt af bílum og þar er líka bílabraut sem liggur allt í kringum rúmið. „Hvaðan kemur þetta eiginlega?“ hugsar Rósa. Hún ætlar aðeins að prófa kappakstursbílinn, gá hvort hann getur ekið í bílabrautinni, þegar pabbi kallar úr eldhúsinu: „Morgunmat – manstu, þú átt að fara í vettvangsferð með leikskólanum í dag.”

Bls. 2

Samræðupunktur:

Hafið þið öll prófað kappakstursbíla – keyrt?

Pabbi kallar morgunmat – vill einhver segja eitthvað um það?

Hvar var mamman, getur verið að hún hafi verið að klæða sig og svo að fara að fá sér morgunmat með fjölskyldunni?

Pabbi segir vettvangsferð í dag? Hvernig vissi hann það?

Hver græjar morgunmat heima?

Hver veit alltaf skipulagið í skólanum okkar?

Er eitthvað sem stelpur geta en ekki strákar?

Er eitthvað sem strákar geta en ekki stelpur?

Gera mömmur eitthvað öðruvísi en pabbar?

Er eitthvað sem afar geta en ekki ömmur?

Er eitthvað sem ömmur geta en ekki afar?

Prjóna afar en ömmur ekki?

Við hvað vinna mömmur? En pabbar? Eru til sér vinnur fyrir mömmur og pabba?

Hver keyrir lestir?

Eru stelpur með Spiderman rúmföt?

Pabbi kallar vekur Rósu/Ragnar og kallar í morgunmat, stjórnar hann hvenær heimilisfólkið vaknar og borðar?

Ræður maður sjálfur hvenær maður vaknar?

Ræður maður sjálfur hvenær maður borðar?

Hvar er pabbi?

Til hvers er pabbi? En mamma?

Hvað gerir pabbi? En mamma?

Hvernig er pabbi? En mamma?

Getur pabbi verið mamma? En mamma getur hún verið pabbi?

Eiga allir pabba? En mömmur?

Eiga kindur pabba? En mömmur?

Eiga álfar pabba? En mömmur?

Á Leppalúði pabba? En mömmur?

Get ég verið pabbi? En mömmur?

Er hægt að þykjast vera pabbi? Þykjast vera mamma?

Eru allir karlmenn pabbar? Eru allar konur mömmur?

Var þetta kannski bara draumur?

Hvað er draumur?

Úr hverju er draumur?

Hvar er draumur?

Hvernig kemur draumur?

Til hvers er draumur?

Hver býr til draum?

Getum við notað draum?

Getur manni dreymt á daginn? Hvar?

Er hægt að búa til draum?

Getur draumur verið lifandi? Hvernig?
Getur verið draumur verið í tónlist?
Getur manni dreymt það sama og einhver annar?
Er draumur óhugnanlegur? Af hverju?
Er óhugnanlegt að dreyma að maður sé orðin strákur/stelpa?
Hvað sjá þau þegar þau líta í spegil? Stelpu eða strák. (Rósa/Ragnar. Friðrik/Frída.)

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Teikna kappakstursbraut og burra!
Kynna fyrir börnunum merkin ♂♀.
Fara í leik sem snýst um að draga upp úr boxi miða sem á stendur eitthvað atvinnuheiti og börnin beðin að spá í hvort þau myndu vilja vinna við það þegar þau verða stór! Þau líka beðin að segja frá hvað vinnan gerir og þá hvort karlmenn eða kvenmenn vinna við það, nú eða bæði kynin.
Heimsækja einhver sem er í týpískri kvennavinnu eða karlavinnu.
Leika með fjarstýrða bílabraut?
Rannsaka hljóð í leikföngum.
Hlusta á allskonar tónlist og athuga hvort hægt sé að kyngera hana og spá í hver samdi tónlistina/bjó hana til.
Hvað heyrir í sögunni, þegar hún vaknar og fer að skoða herbergið? Spila saman t.d. á hristur eða trommur glöðvært eða dapurlegt eða það sem börnin upplifa að gerist í sögunni?
Fara í Nettó og skoða morgunkorn. Er til stelpu og strákmorgunmatur? HA!

Blaðsíða 3

Blaðsíða 4:

Rósa stekkur fram úr rúminu og flýtir sér í peysu og buxur. Svo hleypur hún fram í eldhús. Mamma, pabbi og Stefán eru þegar sest við eldhúsbörðið. Venjulega stendur pakki af Prinsessumorgunkorni við diskinn hennar því það er uppáhalds morgunmaturinn hennar. En í dag er þar pakki með mynd af skælbrosandi skærgrænu skrímsli. Örugglega eitthvað úr bíómynd. Það er þá svona skrímsli sem Alí og Emil í leikskólanum eru vanir að leika með. Hún fær sér korn og sér að innihaldið er það sama og venjulega. Allt í einu dettur á diskinn hennar, lítið skærgrænt plastskrímsli. — Oj bara, í Prinsessumorgunkorninu eru stytur úr Öskubuskuævintýrinu og hún á fjórar stytur nú þegar. Rósa andvarpar og stingur skrímslinu í vasann.

Bls. 3-4

Samræðupunktur:

Er til stelpu og stráka morgunmatur? Hvernig þá? Sætari/súrari. Eigum við að smakka. Rósa var vön að fá "Prinsessumorgunkorn" en í dag fékk hún "Skrímslamorgunkorn". Er það eitthvað skrímsli/athugavert? Er eitthvað sem er bara "stelpur" borða eða bara "strákar"? Þekkið þið söguna um Öskubusku? Hvernig er hún? Hafið þið heyrt söguna um Öskubusku, um strákinn með hitti prinsessuna og týndi, æi hverju? Hafið þið heyrt söguna um Bláhatt og úlfinn sem fór í gegnum skóginn til að hitta ömmu sína. Eigðið þið öll skrímslastyttur? Þekkið þið öll skrímslasögur? Vanir að leika með, hvað eruð þið vön að leika með? Hvernig er Prinsessumorgunkorn? En Skrímslamorgunkorn? Borðar maður skrímsli? Morgunmatur og bíómyndahetjur – er tenging? Er þetta skrímsli kona eða karlmaður? Venjulega eru hlutirnir svona en hvað er venjulegt eða vani? Þegar við sofum þá höfum við höfuðið á koddanum, er það vani? Í hvert sinn sem síminn hringir tökum við upp tólið og segjum Halló, er það vani? eru allar venjur réttar og rangar eða? Hvernig er hægt að þekkja það í sundur ef svo er? eru allar venjur einfaldar eða flóknar? Erum við hrædd við skrímsli? Af hverju er skrímslið svona stórt á myndinni í bókinni? Hvernig bragðast þetta skrímsli – hvað haldið þið? Hvað á maður að gera við svona skrímsli – hún setti það í vasann. Hverjir nota eyrnalokka og hvernig eru þeir – perlur, kúlur eða lafandi eða ? Skoða inná netinu myndir af fólki með eyrnalokka. Hvað er mamman að gera við morgunverðaborðið? Pabbinn er að skoða bíblabláð við morgunverðaborðið, af hverju? Hvað er mamman að borða á myndinni í bókinni – hvað er pabbinn að borða, en börnin? Hvað er skrímsli? Er skrímsli til á Íslandi? En í útlöndum? Hvar eiga þau heima? Getum við séð það? Hvernig lítur það út? Er það öðruvísi en mannfólkið? Hvernig er það öðruvísi? Getur það talað? Hvernig talar það? Skiljum við skrímsli?

Hvað gerir skrímsli?

Er skrímsli góð?

Getum við verið vinir þeirra?

Getur skrímsli breyst? Í hvað ?

Eru skrímsli kannski alvöru fólk?

Hvernig vitum við að skrímsli er til?

Hvaða verkfæri er best að nota?

Til að vita ...	snerta	smakka	lykta	horfa	hlusta
Hvernig morgunkorn smakkast					
Hvort sólin er heit					
Hvernig peysa er á litinn					
Hvort bíll er að koma					
Hvað ég heiti sjálfur					
Hvað er í matinn					
Hvort ég er góð manneskja					

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Gera "drekaskrímsli" - teikna, lita, klippa, skreyta og hengja upp á maskínupappír.

Útbúa skrímsli úr leir.

Prófa öll að naglalakka okkur.

Syngja ég er lítið lasið skrímsli og mig langar ekkert út , og spá hvort skrímsli séu eins og krakkar, ósköp vesæl með kvef.

Syngja Súrmjólk í hádeginu og velta textanum fyrir okkur.

Blaðsíða 5:

Pabbi og Rósa flýta sér í leikskólann. Pabbi vill endilega að þau fari í kapphlaup á leiðinni eins og hann er vanur að gera með Stefáni. Það finnst Rósu skemmtilegur leikur. Í leikskólanum eiga strákahópur og stelpuhópur að fara í vettvangsferð sitt í hvoru lagi. Allir verða að finna töskurnar sínar og nestið. Strákarnir eiga að fara á útivistarsvæði að klifra og stelpurnar að skoða flotta skartgripi og konungsdjásn á sýningu niðri í bæ. Rósu hefur alltaf dreymt um að eiga kórónu, alveg eins og Öskubuska þegar hún dansaði við prinsinn. „Vonandi verða kórónur á sýningunni,“ hugsar Rósa þar sem hún situr og bíður við hólfið sitt. En Rósa á ekki að fara með á sýninguna í dag. Áður en hún veit af er hún að fara með strákunum á útivistarsvæðið.

Bls. 5**Samræðupunktur:**

Kapphlaup er skemmtilegt, leiðinlegt eða?

Pabbinn vildi ólmur vera í kappi, af hverju?

Skarpgripasýning og klifurferð – af hverju fara strákarnir í klifurferð í sögunni?

Hverjir eiga kórónur? Þeir sem hafa valdið/völdin -ráða, vilja vera fínir eða?

Hún fer með strákunum ohó, af hverju?

Hver fylgir ykkur í skólann?

Skoða myndirnar á síðunni – af hverju er pabbinn svona á svipinn – setjum þennan svip á okkur – hvað er hann að hugsa, hvað haldið þið?

Labbið þið í skólann?

Af hverju viljum við keppast? Hvað er keppni? Er hægt að keppa í öllu? Eins og hverju? Er keppni góð/vond/eða?

Í hverju keppa mömmur/pabbar/krakkar?

Hvaða keppnisíþróttir eru í sjónvarpinu? Hverjir eru að keppa? Konur eða karlmenn?

Hlaupa stelpur hraðar en strákar? Mömmur hraðar en pabbar? Ömmur hraðar en afar?

Af hverju fóru þau ekki á bíl í skólann?

Leika pabbar öðruvísi við dætur sínar en syni? Eða orða öfugt!

Leika mömmur öðruvísi við syni sína en dætur?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara út í kapphlaup – stelpulið og strákalið. Er keppni góð- slæm = ræðum það.

Fara í leik þar sem börnin draga miða með atvinnuheitum og hvetja börnin til að segja hvað þau gera í þeirri atvinnugrein og hverjir væru að vinna við það. t.d. Snyrtifræðingur, vinnur við að snyrta fólk, vinna karlmenn eða kvenmenn við það?

Vettvangsferðir í sitt hvoru lagi! Af hverju? Væri það gaman? Prufa.

Blaðsíða 6:

Hana langar að hrópa og segja að þetta séu mistök en þá kemur Albert og leiðir hana, án þess að segja að hann fái á sig stelpulykt. „Komdu við skulum sitja saman í rútunni Ragnar,” segir hann. „Já, og þá heitir þú Emma,“ segir Rósa en Alberti finnst það ekkert fyndið.

Bls. 6

Samræðupunktur:

Stelpulykt! Hvað er það?

Albert fattar ekkert eða?

Af hverju sá kennarinn ekkert? Fattar hann ekki að hún er stelpa sem breyttist í strák yfir nóttu?

En af hverju er þeim skipt svona í ferðir? Fara stelpurnar seinna í klifurferð? Hvað finnst ykkur nú um þetta allt?

Er hægt að sjá mun á stelpum og strákum? Hæð, þyngd, nef, augu, eyru, hár?

En fötin eru þau öðruvísi? eru nöfnin öðruvísi? Er þannig allsstaðar?

Mega strákar allt – mega stelpur allt?

Takið eftir að hún er í röndótti peysu á leiðinni og svo í grænni úlpu í hólfinu sínu? Af hverju fór hún í úlpu? Sagði einhver henni að fara í úlpu eða?

Gefur kóróna manni vald? Hver er með valdið hér? Hver ræður mest hér? Hver ræður mestu í leikskólanum? En heima? Hver ræður mestu á Akureyri? Hver ræður mestu á Íslandi? Flokka og skrifa niður – eru það konur eða karlmenn?

Karlinn er hærri en konan á myndinni – eru karlmenn hærri en konur yfirleitt?

Hana langar að hrópa og segja að þetta séu mistök, hvað eru mistök?

Hver gerir mistök?

Er í lagi að gera mistök?

Hvort viljum við læra eða græða á mistökum?

Ætti maður alltaf að leiðrétta mistök?

Hver leiðir dansinn? Kenna börnunum að taka upp grip og dansa.

Hver passar? Konur eða karlmenn. Skoðið myndina, hver aðstoðar börnin uppí rútuna.

Tuskudýr með í skólann! Sjá á myndinni í bókinni! Hvernig tuskudýr mynduð þið taka með ykkur?

Frágangur í fataherberginu, sjá myndina í bókinni – eitt stígvél og einn skór.

Hvernig eru pollafötin ykkar á litinn? Skrá og merkja strik við litina – skoða og ræða.

Af hverju eru pollafötin svona á litinn? Er það ykkar val? (val eða krafa)

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Tilraun: Prufum að finna lykt úr ómerktum glösum t.d. vanillu og negull. Hvað var stelpuleg lykt og hvað var strákaleg lykt.

Teikna mynd úr sögunni.

Útbúa kórónur eins og á myndinni og ræða saman.

Tala um íþróttaleiki og skoða dagblöðin, fara í íþróttaleiki.

Perla skartgripi.

Fara í vettvangsferð og skoða skartgripi.

Dansa eins og á ballinu/myndinni.

Læra táknið fyrir litina (tákn með tali) fara inná síðuna: tmt.is.

Rannsókn mæla hæð stráka og stelpna í skólanum.

Syngja um litina eins og í Regnboga meistarans.

Blaðsíða 7:

Rósa er frekar rög við að klifra. Venjulega hjálpar einhver fullorðinn henni þegar hún klifrar í leikskólanum og þar er heldur ekki hægt að klifra mjög hátt. Á útivistasvæðinu eru klifurgrindur, klifurveggur og slá til að hanga á. „Komdu, nú skulum við fara yfir slána,“ segir Albert og ýtir við Rósu. Hann sveiflar sér á slánni eins og api.

Bls. 7

Samræðupunktur:

Við hvað hjálpa fullorðnir?

Við hvað hjálpum við?

Geta börn hjálpað fullorðnum?

Geta börn hjálpað hvort öðru?

Geta börn hjálpað við að klifra?

Eru til markmannsstelpur? Hver er í marki hjá stelpufótbolta-liðunum?

Eru alltaf strákalið og stelpulið í fótbolta?

Hver er munurinn á liði og hóp?

Hvernig er veðrið – skoða myndina í bókinni.

Kórónupælingar- af hverju eru þau með kórónur?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara í vettvangsferð og klifra saman.

Horfa saman á fótbolta? Hvað gerir markmaðurinn?

Hanga á loft-bitunum inná sal – hanga einhversstaðar á slá?

Finna klifurkastala og klifurveggi og klifra.

Þora að prófa eitthvað saman.

Teikna vöðvakarl og konu? Skoða fitness myndir.

Sjáið trén, á myndinni í bókinni, vitið þið að það eru til stelpur og stráka tré? Skoða í fræðibókum og kenna þeim um Ösp og Burnirót.

Hafa í boði tvær vettvangsferðir á sama tíma og láta börnin skrá sig, t.d.í klifurferð og skartgripaferð. (skoða þá skartgripi í verslun.)

Hafa kosningu um vettvangsferðir.

Blaðsíða 8:

Rósa reynir líka og það gengur bara vel, jafnvel þó að hún hafi aldrei gert þetta fyrr. Hún er ekki lengi að sveifla sér eftir slánni og kemst niður hinu megin. Sumir strákarnir gefast upp þegar þeir eru bara komnir hálf leið. „Flott hjá þér Ragnar,“ segir leikskólakennarinn, hann heitir Eiríkur og veit greinilega ekki heldur hvað hún heitir. Rósa prófar að ýta varlega á handlegginn á sér. Váá, er hún komin með stærri vöðva? Þegar þau koma aftur í leikskólann vilja Albert og Alí fara í fótbolta og biðja hina strákana að vera með. „Komdu Ragnar!“ kallar Albert til Rósu „þú getur verið í marki.“ Rósa er ekki sein að fara í markið, því það hefur hún aldrei mátt fyrr. Það getur nú ekki verið svo erfitt að verja markið. Marta vill líka vera með í fótbolta en það fær hún ekki. „Getur Marta ekki verið markmaður í hinu liðinu?“ stingur Eiríkur upp á en það finnst Alberti alla vega ekki. „Maður hefur nú aldrei heyrt um markmannsstelpu,“ segir hann.

Bls. 8**Samræðupunktur:**

Gengur vel þó maður hafi ekki gert það fyrr – koma með dæmi?

Hvað ætli sé best að gera til að prófa hlutina?

Hvað er best að nota ef maður vill komast að einhverju ?

	prófa sjálfur	spyrja	hugsa
Hvernig það sé að vera markmaður?			
Hvernig brauðið smakkast			
Hvort sólin er heit			
Hvernig peysan mín er á litinn			
Hvort bíll er að koma			
Hvað ég heiti sjálfur			
Hvað er í matinn			
Hvort ég er góð manneskja			

Af hverju heldur hún að hún sé komin með stærri vöðva?

Hvernig fær maður vöðva?

Hverjir fóru með strákunum í þessa ferð? Voru það bara karlkennarar?

Ræða um hugrekki.

Geta karlar stjórnað? Geta konur stjórnað?

Haldið þið að það sé öðruvísi í skólum þar sem fullt er af karlkennurum?

Af hverju er Ragnar/Rósa svona einmana hér?

Af hverju er hann svona dapur á þessari mynd – þarf að hugga hann? Og hver gerir það? Af hverju? Þarf að hugga hann?

Hvað er að hugga einhvern?

Má hugga?

Hvernig huggar maður?

Hvernig veit maður hverja þarf að hugga?

Hverja getur maður huggað?

Þarf að hugga? Af hverju?

Er það eins að hugga einhvern og vera góður við hann?

Hvað gerist ef maður huggar einhvern?

Getur verið hættulegt að hugga einhvern?

Er hægt að hugga dýr?

Er hægt að hugga vindinn?

Er hægt að hugga sand?

Er vont að hugga einhvern

Hverjir gráta?

Má gráta ef einhver skilur mig útundan - já/nei.
Má gráta ef mig langar í eitthvað – já/nei.
Má gráta ef einhver hrindir mér – já/nei.
Hvað er grátur?
Hvenær græt ég?
Hvaðan kemur grátur?
Er asnalegt að gráta?
Hvernig veit ég að einhver er að gráta?
Er vont eða gott að gráta?
Til hvers er gráturinn?
Geta dýr grátið?
Getur sólin grátið?
Geta fjöll grátið?
Getur allt fólk grátið?
Er hægt að gráta af gleði?
Get ég stjórnað því hvort ég græt?
Er hægt að búa til grát?
Er hægt að mála grát?
Þarf að hugga grát?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara í fótbolta – allir prófa að vera í marki.
Gera tilraun– geta stelpur verið markmenn, fara í skotkeppni.
Mæla og skoða vöðvanna okkar? – kíkja í fræðibækur.
Gera hugrekkisæfingar.
Syngja Kalli litli könguló.

Blaðsíða 9:

„Úfff! Þetta var nú erfitt,“ hugsar Rósa þegar leiknum er lokið. „Nú klifra ég upp í hæsta tréð svo ég geti verið í friði fyrir þessu stráka- og stelputali.“ En þá man hún eftir Leynistaðnum. Það er rétti staðurinn til að fara á og hugsa málin.

Bls. 9

Samræðupunktur:

Haldið þið að þetta hafi verið erfisins virði eða?

Velta fyrir sér hvort maður þyrfti eitthvað að hugsa öðruvísi ef maður væri allt í einu strákur/stelpa.

Hugsar maður öðruvísi á leynistað?

Hvernig verður leynistaður til?

Af hverju er þessi bíll þarna í bókinni?

Hvernig haldið þið að henni líði með þetta. Verður hún aftur hún eða hvað?

Er munur á stráka- og stelpuleikjum? Hvaða leikir? Hvernig eru þeir öðruvísi? Hvernig eru þeir eins? Geta stelpur (koma með allskonar hugmyndir) já/nei. Geta strákar (koma með allskonar hugmyndir) já/nei.

Hvar er rétti staðurinn til að hugsa málið?

Tölum um hugsanir – er maður að rifja upp gærdaginn? Er maður að flokka? Er maður að finna nýja lausnir?

Er hægt að hugsa ekki?

Hver lætur okkur hugsa?

Heyrist eitthvað þegar við hugsum?

Þurfum við að vera í næði við að hugsa?

Annað en spurningar, þegar unnið er með efnið og spjallað:

Fara á einhver leynistað?

Gera skuggaleikhús um þegar Rósa varð Ragnar.

Byggja með legó eitthvað úr þessum hluta – þegar Rósa varð Ragnar.

Lesi í öðrum barnabókum. Áttum okur á duldum skilaboðum sem víða liggja í sögum og ævintýrum. Eldri barnabækur sýna bæði í myndum og texta frekar staðlaðar kynjaímyndir, en nýjar bækur snúa ”hlutverkunum” oft við, við veltum fyrir okkur hvort það sé öfgakennt?

Sendið endilega inn ykkar hugmyndir eða hugmyndir barnahópsins.

Kennsluleiðbeiningar eru aldrei fullgerðar og því væri gaman að fá ykkar snilldarhugmyndir hér inn líka – þannig myndast glás af skemmtilegum og gagnlegum hugmyndum, sem nýtast breiðum aldurhópi.

Vinsamlega sendið hugmyndir á eftirfarandi netföng:

Arnfríður Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri. arnfridur@jafnretti.is s:460-6200

Leikskólinn Lundarsel. lundarsel@akureyri.is s:462-5883 :



Allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja
– kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.